



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 27. nóvember 2020 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Litla Grund.

Jónas Hafþór Jónasson sækir um byggingarleyfi fyrir skemmubyggingu. Skemman er stálgrindarhús á steinsteyptum sökklum. Veggir og þak eru klædd með stálklæðningu og einangruð með steinull. Brúttó flatarmál 84 m² og brúttó rúmmál 385 m³.

Byggingar- og skipulagsnefnd veitir fyrir sitt leyti byggingarleyfi fyrir skemmuni.

2. Sturluflöt.

Byggingarfulltrúi sagði frá framvindu mála á Sturluflöt og sýndi myndir af nýja íbúðarhúsinu. Búið er að skrá húsið í Þjóðskrá á byggingarstig nr. 5 skv. ÍST51.

3. Hrafnkelsstaðir.

Unnið er að viðhaldi og endurbótum á gamla íbúðahúsinu á Hrafnkelsstöðum. Búið er að skipta um glugga og dyraumbúnað útidyra. Verið er að undirbúa einangrun og utanhússklæðningu. Húsið er eldra en 100 ára og þarf því leyfi Minjastofnunar. Meðfylgjandi fylgiskjal sýnir afstöðu Minjastofnunar.

4. Arnaldsstaðir.

Í framhaldi af bókun á síðasta fundi um ástand og fokhættu af gamla íbúðarhúsinu sendi byggingarfulltrúi bréf til umsjónarmanns eigna á jörðinni. Í meðfylgjandi fylgiskjöllum sjást samskiptin, farið er framá að húsið verði nýtt til æfinga fyrir slökkvilið Brunavarna. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir það fyrir sitt leyti, en bendir viðkomandi á að hafa samband við Heilbrigðiseftirlit og lögregluþjófnefnd um framvindu málsins.

5. Endurbætur á Hrakströnd. Laugarfell viðhald.

Búið er að ljúka við endurbætur á Hrakstrandarskála, sem Steingrímur Karlsson tók að sér. Sagt frá framvindu verkefnisins og sýndar myndir af aðstæðum bæði fyrir og eftir endurbætur. Í Laugarfelli er búið að bregðast við flestu sem var á verkefnalista nema lagnakerfið á eftir að fá sína meðhöndlun.

6. Gistiheimilið við Végarð.

Farið yfir greinargerð frá verkfræðistofunni VERKÍS um úrbætur vegna athugasemda frá eldvarnareftirliti Brunavarna Austurlands. Eins og fram kemur í athugasemdum Brunavarna og í samskiptum við eiganda gistiheimilisins er búið að bregðast við og uppfylla allar athugasemdir nema það sem snýr að skálanum. Byggingar- og skipulagsnefnd lýtur svo á að það sé eina verkefnið sem eftir stendur til þess að uppfylla kröfur og athugasemdir Brunavarna og brýnt að ljúka því verkefni sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson. Sign: Eiríkur J. Kjerúlf,
Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson